

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

8. tbl. 4. árg.

11. september 2026



Ágúst mánuður var tiltölulega kaldur um land allt. Meðalhiti í Stykkishólmi var 9,8 stig eða sá sami og mældist á Akureyri. Meðalhiti á höfuðborgarsvæðinu var hins vegar 10,6 stig í ágúst. Í Stykkishólmi mældist meðalúrkoman 81,2 mm sem er 60% umfram meðalúrkomu árunna 1991 til 2020. Fyrstu dagar septembermánaðar hafa verið sólríkir og veðurmildir í Stykkishólmi. Myndin hér að ofan var tekin í sólskinsbliðu þriðjudaginn 8. september síðastliðinn.

Réttað í Arnarhólsrétt

Nú þegar tekur að hausta fara sauðfjárbændur landsins að huga að fé sínu og smala niður af fjöllum. Smalamennskan og réttirnar eru fastur liður í haustinu og mikilvægur þáttur í íslenskri menningu.

Gengið verður til leitar í Arnarhólsrétt laugardaginn 19. september næstkomandi. Rétttað verður sunnudaginn 20. september og hefst réttarhald kl. 11.00. Seinni leitar verða laugardaginn 3. október og réttað sama

dag. Réttirnar eru jafnan líflegur viðburður þar sem fólki gefst kostur á að fylgjast með þessum hefðbundnu hauststörfum. Í réttum er einnig tilvalið tækifæri til að hitta fólk, spjalla og njóta samverunnar í up-

phafi hausts. Íbúar eru hvattir til að gera sér ferð í Arnarhólsrétt og fylgjast með réttarstörfum sunnudaginn 20. september kl. 11:00. Kvénfélagið Björk verður með réttarkaffi í Félagshéimilinu Skildi.

Hannesarsteinninn verður færður



Hannesarsteinninn við Stykkishólmsveg.

Framkvæmdir við Stykkishólmsveg hófust í lok apríl þegar slitlag var fræst ofan af veginum frá afleggjara á Búðarnesveg og uppúr bænunum. Vegagerðin stendur fyrir framkvæmdinni sem er langt komin. Framkvæmdirnar ná yfir um 3,4 kílómetra kafla og fela í sér breikkun og styrkingu vegar, nýlögn ræsa og nýlögn á bundnu slitlagi. Gert er ráð

fyrir að vegurinn verði 8 metra breiður, með tveimur 3,5 m breiðum akbrautum og 0,5 m breiðum öxlum.

Vegna breikkunar vegarins og breytinga á veglínu mun Vegagerðin, í samráði við landeigendur og umráðamenn landa, færa girðingar meðfram Stykkishólmsvegi fjær veginum á þeim stöðum

þar sem þess er þörf, en samkvæmt öryggisstöðlum skal girðing vera í minnst 15 metra fjarlægð frá miðlínu vegar.

Auk þess að breikka veginn er veglínan lítillega færð til á köflum en sökum þess þarf að færa Hannesarstein sem nú stendur við hlið vegarins, við afleggjara að kirkjugarði og Nýrækt.

Ný veglína liggur yfir núverandi staðsetningu steinsins og var það niðurstaða Vegagerðarinnar að steinninn yrði að víkja. Gert er ráð fyrir að steinninn verði færður til svo hægt sé að klára vegaframkvæmdir og hann síðar færður á endanlega staðsetningu þegar ný hönnun á göngustíg meðfram veginum liggur fyrir.

Hannesarsteinninn dreður nafn sitt af Hannesi Hannessyni, sem jafnan var kallaður Hannes stutti. Hann var þekktur hagrðingur um Breiðafjarðabyggðir og víðar. Í bókinni Sögur úr Helgafellssveit og nágrenni, eftir Hönnu Jónsdóttur, má lesa sig til um Hannes sem Hannesarsteinninn er kenndur við.

Skipt um járn á þaki Tónlistarskóla Stykkishólms



Tímabært var að endurnýja járníð.

Unnið er nú að því að skipta um járn á þaki Tónlistarskóla Stykkishólms. Skipavík ehf. er með verkið og miðar framkvæmdum vel áfram. Þakið á húsinu var orðið lélegt og komið vel til ára sinna og því tímabært að ráðast í endurnýjun þess.

Samhliða framkvæmdunum verður gengið frá regnvatni frá húsinu með betri hætti. Hingað

til hefur vatn af þakinu farið í rennur og síðan beint út í jarðveg við skólann, án þess að vera leitt í fráveitulögn.

Í kjölfar þakframkvæmdanna munu starfsmenn sveitarfélagsins grafa lögn meðfram austurhlið skólans og tengja regnvatnið frá þakinu við næsta brunn.

Danskir dagar vel heppnaðir



KK steig af sviðinu og söng með mannfjöldanum í brekkunni.

Danskir dagar fóru fram dagana 12.-16. ágúst. Danskir dagar eru órjúfanlegur hluti af menningarlífi Stykkishólms og hafa í gegnum árin skapað vettvang fyrir

fjölbreytta afþreyingu, tónlist, listir, íþróttir og fjölskylduskemmtun. Dagskrá hátíðarinnar í ár var afar vel heppnuð og ekki skemmdi fyrir að veðrið var Hólmu-

rum hliðhollt. Bærinn iðaði af blómlegu mannlífi alla helgina enda nógu að vera. Hverfagrilin voru á sýnum stað og víða mikið lagt upp úr skreytingum. Boðið

var upp á leiksýningu með Leikhópnum Lottu, skottmarkað, tivoli, knattspyrnuleik á íþróttavellinum, töfrabrögð, tónlistaratriði og margt fleira.



Frændurnir Bæring Nói og Bæring Breiðfjörð komu víða fram á Dönskum dögum.



Mikill fjöldi sótti Danska daga í ár og ekki sveik veðrið viðstadda.

Skólasetning



Dóra Magrét, skólastjóri, ávarpar nemendur við skólasetningu.

Skólasetning fór fram á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi mánudaginn 24 ágúst. Í ávarpi

skólastjóra, við setninguna, var lögð áhersla á að skólinn væri samfélag þar sem allir skipta máli.

Nemendur voru hvattir til að mæta til leiks af hugrekkni, leggja sig fram, prófa nýjar leiðir

og muna að mistök eru eðlilegur hluti af námi og framförum. Þá voru nemendur einnig minntir á að tala íslensku sín á milli innan veggja skólans.

Nú við upphaf skólaárs eru 183 nemendur við Grunnskólann í Stykkishólmi. Þar af eru 83 nemendur á yngsta stigi, í 1.–4. bekk, 50 nemendur á miðstigi, í 5.–7. bekk, og 50 nemendur á unglingastigi, í 8.–10. bekk.

Þá er leikskólastarf einnig hafið eftir sumarfrí en í Leikskólanum í Stykkishólmi eru nú 72 börn.

Nýr mannskapur í Tónó



Tónlistarskóli Stykkishólms.

Tónlistarskóli Stykkishólms vakti, á vefsíðu sinni, athygli á því að Hólmarrinn Friðrik S. Kristinsson er fluttur aftur heim og tekinn við sem söngkennari tónlistarskólans.

Friðrik er lærður söngvari, söngkennari og kórstjóri. Lengst af hefur hann stjórnað og starfað hjá Karalakór Reykjavíkur þar sem hann mun eiga starfslok 1. janúar nk. eftir 38 farsæl ár sem söngstjóri kórsins.

Friðrik býður upp á fjölbreytta kennslu í bæði

klassískum og rytmískum söng fyrir börn frá 9 ára aldri, unglinga og fullorðna. Auk þess hefur Friðrik mikinn áhuga á að vinna með og þjálfra kórsöngvara og búa til litla sönghópa sem og stærri.

Á vef skólans eru áhugasamir hvattir til að kynna sér námsframboð skólans og sækja um tónlistarnám. Með nýju skólaári tók Valbjörn Snær við sem aðstoðarskólastjóri, en hann sinnir jafnframt gítarkennslu líkt og áður samhliða stjórnunarstöðunni.

Íþróttastarf hafið á ný



Þessi mynd var tekin þegar knattspyrnulið Snæfells mætti Reyni frá Hellissandi á Dönskum dögum.

Ný tímatafla Snæfells fyrir veturinn 2026–2027 hefur litið dagsins ljós. Vetrarstarf félagsins hófst samhliða skólas-

tarfi og er fjölbreytt dag-skrá í boði fyrir fólk á öllum aldri. Vetrarstarf Heilsuhaus- tra Hólmara 60+ hófst

mánudaginn 31. ágúst eftir sumarfrí og fer vel af stað. Þar er lögð áhersla á hreyfingu, samveru og heilbrigðan lífsstíl og

er starfið góður vettvan- gur fyrir eldri íbúa til að halda sér í formi og njóta félagskapar.

Íbúar, ungir sem aldnir, eru hvattir til að kynna sér það fjölbreytta og umfangsmikla íþróttas- tarf sem í boði er í Styk- kishólmi. Fjölbreyttir möguleikar eru í boði fyrir ólíkan aldur og áhuga og ættu því flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem markmiðið er að bæta heilsu og líðan eða ein- faldlega njóta samveru og hreyfingar í góðra vina hóp.

Endurbætur á Rollubryggju



"Rollubryggjan" góða.

Nú á haustmánuðum mun hafnarvörður ráðast í endurbætur á flotbryggjunni sem lig- gur næst hafnarvogin- ni, sunnan við Stykkið. Bryggjan er í daglegu tali kölluð rollubryggja, en þar er eyjafé jafnan tekið í land. Landgangur

veriður tekinn upp í byr- jun október og mun haf- narvörður hafa samband við þá sem eiga báta við bryggjuna svo eigen- dur geti gert ráðstafanir. Bryggjan verður svo klár fyrir næsta vor þegar hún er hvað mest notuð.

Starf í Höfðaborg



Sveitarfélagið Styk- kishólmur auglýs- ti nýverið 25% stöðu í Höfðaborg lausa til umsóknar. Starfið fe- lur í sér almenn þrif í húsnæði Höfðaborgar, að undanskildu eldhú-

si. Umsóknarfrestur var auglýstur til og með 10. september og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Unnið er nú úr umsóknum sem bárust.

Átak vegna skráninga fasteigna í sveitarfélaginu



Markmið átakans er að bæta skráningu og tryggja að fasteignaskrá gefi rétta mynd af fasteignum og mannvirkjum í sveitarfélaginu.

Skipulagsfulltrúa hefur, í samstarfi við byggingarfulltrúa, verið falið að skoða nánar skráningarmál eigna í sveitarfélaginu og setja á laggir átak vegna óskráðar fasteigna.

Á 42. fundi skipulagsnefndar var lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa varðandi skráningarmál fasteigna í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Í minnisblaðinu er greint frá því að byggingarfulltrúa hafi borist ábendingar þess efnis að bæði óskráðar og rangt skráðar eignir

sé að finna í sveitarfélaginu.

Samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 segir í 2. mgr. 1. gr. að *skrá skuli allar fasteignir í landinu í fasteignaskrá*. Einnig í 2. gr. segir að *hverja fasteign skal meta til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum*.

Markmið átakans er fyrst og fremst að bæta skráningu og tryggja að fasteignaskrá gefi rétta

mynd af fasteignum og mannvirkjum í sveitarfélaginu. Rétt skráning er mikilvæg, meðal annars vegna fasteignamats og fasteignagjalda.

Unnið verður að yfirferð og samanburði upplýsinga og haft samband við eigendur eftir því sem tilefni er til. Eigendur sem telja að upplýsingar um eignir þeirra séu ekki réttar eru jafnframt hvattir til að kynna sér skráningu eignarinnar og koma leiðréttingum á framfæri eftir því sem við á. Hægt er að hafa samband við

skipulagsfulltrúa í síma 433-8100 á opnunartíma Ráðhússins eða með tölvupósti: skipulag@stykkisholmur.is

Á vef HMS er fasteignaskrá þar sem allar eignir eru skráðar og þar kemur fram stærð lóðar/jarðar, stærð mannvirkis o.fl. ásamt fasteignamati eignar. Þar er jafnframt flípi þar sem hægt er að sækja um endurmat bæði á fasteignamati og brunabótamati.

Almyrkvinn þótti magnaður



Sjúkraflutningsmenn voru við öllu búnir þegar fólk safnaðist saman uppá Súgandisey til að fylgjast með almyrkva.

Almyrkvi á sólu setti svip sinn á Stykkishólm þann 12. ágúst síðastliðinn. Mikill undirbúningur fór fram víða um land fyrir þennan magnaða náttúruatburð og fjöldi fólks kom saman í Styk-

kishólmi til að fylgjast með myrkvanum. Víða mátti sjá fólk safnast saman á hæðum og hólum til að fá sem best útsýni yfir atburðinn. Meðal annars leitaði mikill fjöldi upp á Súgandisey, þar

sem útsýnið yfir bæinn og hafið skapaði einstaka umgjörð um upplifunina. Af samtölum fréttaritara við fólk á förnum vegi mátti heyra að almyrkvinn hefði sannarlega verið mag-

naður og eftirminnileg upplifun. Margir höfðu beðið spenntir eftir þessum sjaldgæfa náttúruatburði og höfðu fyrir löngu ákveðið að njóta myrkvans í Stykkishólmi.



Margir komu sér vel fyrir á Súgandisey.



Aðrir kusu að fylgjast með frá Stykkishólmskirkju.

Starfshópur skoðar málefni mötuneyta sveitarfélagsins



Sveitarfélagið rekur tvö mötuneyti, eitt á Höfðaborg og annað í Leikskólanum í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn hefur skipað starfshóp sem hefur það að markmiði að taka málefni mötuneyta sveitarfélagsins til heildstæðrar skoðunar og móta tillögur að markmiðum og áherslum sveitarfélagsins á sviði næringar og matarþjónustu, með það að leiðarljósi að stuðla að hollu, fjölbreyttu og næringarríku mataræði þeirra hópa sem þjónustan nær til. Í erindisbréfi kemur fram að hópurinn skuli sérstaklega horfa til næringar barna í samræmi við leiðbeiningar Embættis landlæknis og áherslur heilsuefandi skólastarfs, sem og þarfa eldri borgara hvað varðar næringu og matarþjónus-

tu. Þá mun starfshópurinn leggja mat á hvort núverandi fyrirkomulag og starfsemi mötuneyta sveitarfélagsins styðji með fullnægjandi hætti við markmið um næringu, lýðheilsu, gæði þjónustu og hagkvæmni og ábyrgð í rekstri sem og greina helstu tækifæri til umbóta.

Í starfshópnum sitja, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður skóla- og fræðslunefndar, sem jafnframt er formaður starfshópsins, Þóra Margrét Birgisdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri Leikskólans í Stykkishólmi, Gyða Steinsdóttir, fjármála- og

skrifstofustjóri sveitarfélagsins og Magnús Ingi Bæringsson, íþróttar- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins. Með starfshópnum starfar einnig Sæþór H. Þorbergsson sem utanaðkomandi fagaðili og næringarfræðingur. Gert er ráð fyrir að starfsfólk eldhúsa sveitarfélagsins sitji fundi starfshópsins eftir atvikum og taki virkan þátt í vinnu hans eftir því sem við á. Sveitarfélagið rekur tvö mötuneyti, eitt á Höfðaborg og hitt í Leikskóla Stykkishólms.

Samkvæmt erindisbréfi skal starfshópurinn halda að hámarki tíu fundi og hafa lokið störfum fyrir 1. desember 2026.

Blaðið Helstu fréttir var sett á fót sem tilraunaverkefni með það að markmiði að ná betur til þeirra sem nota ekki tölvur og bæta upplýsingaflæði til þessa hóps, en kallað hafði verið eftir aukinni upplýsingamiðlun. Fyrsta tölublað Helstu fréttanna kom út 3. apríl 2023 og hefur blaðið síðan komið út reglulega. Alls hafa nú komið út 38 tölublöð.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.